# Hagar hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. mars til 30. nóvember 2021

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........................................ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........................................ 5

Efnahagsreikningur ........................................ 6

Eiginfjáryfirlit ........................................ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........................................ 8

Skýringar ........................................ 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 38 matvöruverslanir, 26 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, eina birgðaverslun, eina sérvöruverslun, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

**Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða**

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 3.277 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 65.776 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 26.502 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall 40,3%.

Uppfærð afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma samstæðu Haga fyrir rekstrarárið 2021/22 verði á bilinu 10.000-10.500 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við sérstakar aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar þann 3. júní 2021 var tilkynnt þann 6. júlí 2021 að gengið hefði verið frá samningum um kauprétti sem ná til tiltekinna lykilstarfsmanna félagsins. Alls voru veittir 11.806.246 hlutir eða um 1,0% hlutafjár í félaginu, þar af 6.800.398 til framkvæmdastjórnar. Áfallinn og gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttarsamninganna á tímabilinu er 12,1 millj. kr. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 20.

**Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu samstæðunnar**

Hagar og dótturfélög þess hafa undanfarin misseri fundið fyrir áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og hefur starfsemin litast af aðgerðum til að takmarka afleiðingar faraldursins og tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Áhrif faraldursins hafa verið jákvæð á dagvöruhluta samstæðunnar þar sem velta og afkoma hafa heldur aukist. Áhrif á rekstur í eldsneytishluta samstæðunnar hafa hins vegar verið frekar neikvæð, þá sér í lagi á fyrsta ársfjórðungi síðasta rekstrarárs, en velta og afkoma er nú farin að nálgast það sem vænta má í eðlilegra árferði. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 16.

**Sala á Reykjavíkur Apóteki ehf. og rekstri Útilíf**

Í mars og apríl 2021 var skrifað undir samninga um sölu á 90% eignarhlut félagsins í Reykjavíkur Apóteki ehf., sem og sölu á eignum tengdum rekstri Reykjavíkur Apóteks í Skeifunni 11. Afhending á eignum tengdum rekstri í Skeifunni 11 fór fram þann 21. maí sl. og afhending á eignarhlut Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. fór fram þann 18. júní sl. en viðmiðunardagur uppgjörs viðskiptanna var 31. maí 2021. Afkomuáhrif vegna sölunnar komu fram í rekstrarreikningi fyrsta ársfjórðungs.

Þann 31. mars 2021 var skrifað undir samning um sölu á rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf. Afhending fór fram þann 31. ágúst sl. og komu afkomuáhrif vegna sölunnar fram á öðrum ársfjórðungi. Nánari upplýsingar um breytingar á samstæðunni má finna í skýringu 17.

**Samningar Haga og Olís við Reykjavíkurborg**

Þann 25. júní 2021 skrifuðu Hagar og Olís undir samkomulag við Reykjavíkurborg vegna fækkunar eldsneytisstöðva innan borgarmarkanna, sem og framtíðaruppbyggingar Haga á lóðum í Mjóddinni. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 18.

**Hagar undirrita samning um kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf.**

Þann 3. desember sl. undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september sl. undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa ehf. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 19.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

**Hlutafé og hluthafar**
Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.154 millj. kr. en félagið á eigin hluti að nafnverði 7,8 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 784 í byrjun tímabilsins og 910 í lok þess.

Þann 3. júní 2021 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðins árs sem nemur 1,27 krónum á hlut eða um 1.500 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 16. júní sl. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 3. júlí 2021 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.181 millj. kr. að nafnverði í 1.154 millj. kr. að nafnverði.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóvember 2021 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 12. janúar 2022

Stjórn:

________________________________
Davíð Harðarson, formaður

| | |
|---|---|
| Eiríkur S. Jóhannsson, varaformaður | Eva Bryndís Helgadóttir, meðstjórnandi |
| Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi | Katrín Olga Jóhannesdóttir, meðstjórnandi |

Forstjóri:

Finnur Oddsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. mars 2021 til 30. nóvember 2021

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2021 1.9.-30.11. | Þriðji ársfjórðungur 2020 1.9.-30.11. | Þrír ársfjórðungar 2021 1.3.-30.11. | Þrír ársfjórðungar 2020 1.3.-30.11. |
|---|---|---|---|---|---|
| Vörusala | | 33.551 | 29.787 | 100.470 | 88.952 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 26.635) | ( 23.392) | ( 79.321) | ( 69.461) |
| **Framlegð** | | 6.916 | 6.395 | 21.149 | 19.491 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 125 | 96 | 354 | 279 |
| Hagnaður af sölu félaga | 17 | 0 | 0 | 349 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 3.132) | ( 3.197) | ( 9.564) | ( 9.537) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.374) | ( 1.347) | ( 4.212) | ( 3.970) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 2.535 | 1.947 | 8.076 | 6.263 |
| Afskriftir | 7 | ( 1.105) | ( 1.038) | ( 3.007) | ( 3.130) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.430 | 909 | 5.069 | 3.133 |
| Fjármunatekjur | | ( 5) | 9 | 9 | 42 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 368) | ( 390) | ( 1.113) | ( 1.273) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 8 | ( 373) | ( 381) | ( 1.104) | ( 1.231) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 23 | 25 | 144 | 150 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.080 | 553 | 4.109 | 2.052 |
| Tekjuskattur | | ( 239) | ( 105) | ( 832) | ( 379) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 841 | 448 | 3.277 | 1.673 |
| **Skipting hagnaðar:** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 841 | 448 | 3.267 | 1.676 |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 0 | 10 | ( 3) |
| | | 841 | 448 | 3.277 | 1.673 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 0,73 | 0,37 | 2,84 | 1,42 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,73 | 0,37 | 2,82 | 1,42 |
| Starfsþáttayfirlit, skýring | 22 | | | | |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. nóvember 2021

| | Skýr. | 30.11.2021 | 28.2.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 21.283 | 23.444 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 3.492 | 4.326 |
| Óefnislegar eignir | | 10.733 | 10.547 |
| Leigueignir | 15 | 8.338 | 8.255 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.377 | 1.202 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 41 | 41 |
| Skuldabréfaeign | | 19 | 1 |
| Fastafjármunir samtals | | 45.283 | 47.816 |
| Eignir til sölu | 19 | 2.388 | 0 |
| Vörubirgðir | 9 | 10.776 | 8.791 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 10 | 4.754 | 3.219 |
| Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur | 10 | 519 | 1.434 |
| Handbært fé | | 2.056 | 388 |
| Veltufjármunir samtals | | 20.493 | 13.832 |
| **Eignir samtals** | | 65.776 | 61.648 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.146 | 1.154 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 1.640 | 2.132 |
| Lögbundinn varasjóður | | 287 | 289 |
| Bundnir eiginfjárreikningar | | 4.382 | 4.433 |
| Óráðstafað eigið fé | | 19.047 | 17.181 |
| Samtals | | 26.502 | 25.189 |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | ( 2) |
| Eigið fé samtals | | 26.502 | 25.187 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 11 | 11.759 | 9.368 |
| Leiguskuldir | 15 | 7.106 | 7.010 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 2.867 | 2.214 |
| Langtímaskuldir samtals | | 21.732 | 18.592 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 11 | 455 | 2.957 |
| Skuldir við lánastofnanir | 11 | 0 | 601 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 926 | 471 |
| Leiguskuldir | 15 | 1.951 | 2.019 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 12 | 14.210 | 11.821 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 17.542 | 17.869 |
| Skuldir samtals | | 39.274 | 36.461 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 65.776 | 61.648 |

Aðrar upplýsingar, skýringar ........ 13-14,16,18,21

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit

# 1. mars 2021 til 30. nóvember 2021

| | Skýr. | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lög-bundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Bundinn eiginfjár-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2021** | | | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2021 ........................................................ | | 1.154 | 2.132 | 289 | 4.433 | 0 | 17.181 | 25.189 | ( 2 ) | 25.187 |
| Endurkaup á eigin bréfum .................................................. | | ( 8 ) | ( 492 ) | | | | | ( 500 ) | | ( 500 ) |
| Heildarhagnaður tímabilsins ............................................... | | | | | | | 3.267 | 3.267 | 10 | 3.277 |
| Flutt af bundnum hlutdeildarreikning .................................... | | | | | ( 63 ) | | 63 | 0 | | 0 |
| Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga ...................... | 20 | | | | | 12 | | 12 | | 12 |
| Hlutdeild minnihluta við sölu á dótturfélagi ........................... | | | | | | | | 0 | ( 8 ) | ( 8 ) |
| Greiddur arður, 1,27 kr. á hlut .............................................. | | | | | | | ( 1.466 ) | ( 1.466 ) | | ( 1.466 ) |
| Breyting á varasjóð ............................................................. | | | | ( 2 ) | | | 2 | 0 | | 0 |
| Eigið fé 30. nóvember 2021 ................................................ | | 1.146 | 1.640 | 287 | 4.370 | 12 | 19.047 | 26.502 | 0 | 26.502 |
| | | | | | | 0 | | | | |
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2020** | | | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2020 ........................................................ | | 1.189 | 4.017 | 297 | 5.947 | | 13.136 | 24.586 | 1 | 24.587 |
| Endurkaup á eigin bréfum .................................................. | | ( 18 ) | ( 902 ) | | | | | ( 920 ) | | ( 920 ) |
| Heildarhagnaður tímabilsins ............................................... | | | | | | | 1.676 | 1.676 | ( 3 ) | 1.673 |
| Breyting á varasjóð ............................................................. | | | | ( 4 ) | | | 4 | 0 | | 0 |
| Flutt af bundnum hlutdeildarreikning .................................... | | | | | ( 2.450 ) | | 2.450 | 0 | | 0 |
| Eigið fé 30. nóvember 2020 ................................................ | | 1.171 | 3.115 | 293 | 3.497 | 0 | 17.267 | 25.343 | ( 2 ) | 25.341 |

Þann 3. júní 2021 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 1,27 krónum á hlut. Arðurinn var greiddur þann 16. júní sl. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 millj. kr. og er skráð hlutafé eftir lækkun því 1.154 millj. kr.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. mars 2021 til 30. nóvember 2021

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2021 1.9.-30.11. | Þriðji ársfjórðungur 2020 1.9.-30.11. | Þrír ársfjórðungar 2021 1.3.-30.11. | Þrír ársfjórðungar 2020 1.3.-30.11. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 841 | 448 | 3.277 | 1.673 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | 0 | ( 2) | ( 131) | ( 3) |
| Afskriftir | 7 | 1.105 | 1.038 | 3.007 | 3.130 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | 373 | 381 | 1.104 | 1.231 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 23) | ( 25) | ( 144) | ( 150) |
| Tekjuskattur | | 239 | 105 | 832 | 379 |
| Aðrir liðir | | 0 | 0 | 12 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | | 2.535 | 1.945 | 7.957 | 6.260 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 780) | ( 828) | ( 2.754) | ( 1.329) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 1.141 | 1.697 | 3.169 | 2.444 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | | 2.896 | 2.814 | 8.372 | 7.375 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | ( 5) | 36 | 9 | 53 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 275) | ( 308) | ( 875) | ( 925) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 138) | ( 214) | ( 471) | ( 572) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.478 | 2.328 | 7.035 | 5.931 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í öðrum félögum | | 0 | ( 1) | 0 | ( 1) |
| Fjárfesting í fasteignum | | ( 17) | ( 353) | ( 75) | ( 1.694) |
| Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum | | ( 6) | ( 6) | ( 80) | ( 17) |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttingum | | ( 314) | ( 502) | ( 1.168) | ( 1.357) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 147) | ( 31) | ( 191) | ( 41) |
| Söluverð áhalda og innréttinga | | 23 | 19 | 107 | 58 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 94 | ( 10) | 77 | 28 |
| Seldur eignarhlutur í dótturfélagi | | 0 | 0 | 141 | 0 |
| Fjárfesting í hludeildarfélögum | | 0 | 0 | ( 156) | 0 |
| Móttekinn arður | | 0 | 90 | 124 | 90 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 367) | ( 794) | ( 1.221) | ( 2.934) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 2.606) | ( 117) | ( 2.844) | ( 344) |
| Breyting á lánalínu | | 0 | 0 | ( 601) | ( 1.273) |
| Greiddur arður | | 0 | 0 | ( 1.466) | 0 |
| Nýjar vaxtaberandi skuldir | | 2.500 | 0 | 2.500 | 0 |
| Keypt eigin bréf | | ( 500) | ( 500) | ( 500) | ( 920) |
| Leiguskuld afborganir | 15 | ( 400) | ( 433) | ( 1.235) | ( 1.319) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.006) | ( 1.050) | ( 4.146) | ( 3.856) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 1.105 | 484 | 1.668 | ( 859) |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 951 | 889 | 388 | 2.232 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 2.056 | 1.373 | 2.056 | 1.373 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Skýringar

**1. Félagið**

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2021 til 30. nóvember 2021 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 13.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2021.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 12. janúar 2022.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem lauk í febrúar 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

**4. *Mat og ákvarðanir***

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

**5. *Starfsþáttayfirlit***

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits samstæðunnar. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfsþáttayfirlitið má finna í skýringu 22.

**6. *Viðskiptavild***

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 30. nóvember 2021 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

**7. Afskriftir**

Afskriftir greinast þannig:

| | 2021<br>1.3.-30.11. | 2020<br>1.3-30.11. |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.651 | 1.693 |
| Afskriftir fjárfestingarfasteigna | 76 | 71 |
| Afskriftir leigueigna | 1.180 | 1.336 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 100 | 30 |
| Afskriftir samtals | 3.007 | 3.130 |

**8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2021<br>1.3.-30.11. | 2020<br>1.3-30.11. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 9 | 42 |
| Fjármunatekjur samtals | 9 | 42 |
| | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 752) | ( 769) |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | ( 357) | ( 395) |
| Gengistap | ( 4) | ( 109) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 1.113) | ( 1.273) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 1.104) | ( 1.231) |

**9. Vörubirgðir**

Vörubirgðir greinast þannig:

| | 30.11.2021 | 28.2.2021 |
|---|---|---|
| Matvara | 5.803 | 4.255 |
| Sérvara | 2.078 | 2.068 |
| Eldsneyti | 2.502 | 2.003 |
| Vörur í flutningi | 393 | 465 |
| Vörubirgðir samtals | 10.776 | 8.791 |
| | | |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 309 | 184 |

**10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 30.11.2021 | 28.2.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 4.412 | 2.993 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 268) | ( 188) |
| Aðrar skammtímakröfur | 663 | 433 |
| Niðurfærsla annarra skammtímakrafna | ( 53) | ( 53) |
| Afleiðusamningar | 0 | 34 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 4.754 | 3.219 |
| Greiðslukortakröfur | 519 | 1.434 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 5.273 | 4.653 |

## 11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | Vegið meðaltal vaxta 30.11.2021 | Vegið meðaltal vaxta 28.2.2021 | Eftirstöðvar 30.11.2021 | Eftirstöðvar 28.2.2021 |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 3,32% | 2,87% | 6.633 | 6.831 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 2,80% | 2,80% | 5.581 | 5.494 |
| Lánalína | 0,00% | 1,84% | 0 | 601 |
| Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | 12.214 | 12.926 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | | | ( 455) | ( 3.558) |
| Langtímaskuldir samtals | | | 11.759 | 9.368 |

Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig á næstu ár:

| | 30.11.2021 | 28.2.2021 |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 455 | 3.558 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 460 | 461 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 2.955 | 464 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 453 | 454 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 458 | 454 |
| Afborganir síðar | 7.433 | 7.535 |
| Samtals | 12.214 | 12.926 |

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Óverðtryggður skuldabréfaflokkur, HAGA181021, að fjárhæð 2.500 millj. kr. hefur verið endurfjármagnaður með útgáfu á nýjum óverðtryggðum skuldabréfaflokki til 3ja ára, HAGA181024. Útgáfudagur skuldabréfa í hinum nýja flokki var 18. október 2021, sama dag og HAGA181021 var á gjalddaga. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 29. desember 2021.

## 12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 30.11.2021 | 28.2.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 10.924 | 8.825 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 3.286 | 2.996 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 14.210 | 11.821 |

## 13. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

| | Staðsetning | Eignarhlutur 30.11.2021 | Eignarhlutur 28.2.2021 |
|---|---|---|---|
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís) | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| FKV ehf. (áður Ferskar kjötvörur ehf.) | Ísland | 100% | 100% |
| Mjöll Frigg ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Reykjavíkur Apótek ehf. | Ísland | 0% | 90% |

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís. Engin starfsemi er í FKV ehf. Eignarhlutur Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. hefur verið seldur en viðmiðunardagur viðskiptanna var 31. maí 2021 og fór afhending fram þann 18. júní sl.

**14. *Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:***

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| **Rekstur:** | **1.3.-30.11.** | **1.3-30.11.** |
| Rekstrarhagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) | 8,0% | 7,0% |
| Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) | 9,5% | 10,7% |
| Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) | 4,2% | 4,5% |
| Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) | 10,2 | 10,2 |
| Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum | 10,2 | 9,9 |
| | | |
| **Efnahagur:** | **30.11.2021** | **28.2.2021** |
| Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) | 1,17 | 0,77 |
| Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) | 0,55 | 0,28 |
| Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) | 1,81 | 2,43 |
| Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir) | 40,3% | 40,9% |
| Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé) | 23,13 | 21,83 |

**15. Leigueignir og leiguskuldir**

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,53%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

| Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | **30.11.2021** | **28.2.2021** |
|---|---|---|
| Leigueignir í upphafi tímabils | 8.255 | 9.435 |
| Nýir samningar á tímabilinu | 1.339 | 55 |
| Verðbætur á tímabilinu | 330 | 347 |
| Afskriftir tímabilsins | ( 1.180) | ( 1.761) |
| Aðrar breytingar samninga á tímabilinu | ( 406) | 220 |
| Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu | 0 | ( 41) |
| Leigueignir í lok tímabils | 8.338 | 8.255 |

| Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | **30.11.2021** | **28.2.2021** |
|---|---|---|
| Leiguskuldir í upphafi tímabils | 9.029 | 10.167 |
| Nýir samningar á tímabilinu | 1.339 | 55 |
| Afborgunarþáttur leigugreiðslna | ( 1.235) | ( 1.753) |
| Verðbætur á tímabilinu | 330 | 347 |
| Aðrar breytingar samninga á tímabilinu | ( 406) | 220 |
| Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu | 0 | ( 7) |
| Leiguskuldir í lok tímabils | 9.057 | 9.029 |

| Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár: | **30.11.2021** | **28.2.2021** |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 1.951 | 2.019 |
| Afborganir síðar | 7.106 | 7.010 |
| Samtals | 9.057 | 9.029 |

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningnum sem færðir eru samkvæmt IFRS 16 námu 1.591 millj. kr. (2020/21 1.703 millj. kr.).

**16. Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins**

Hagar og dótturfélög þess hafa undanfarin misseri fundið fyrir áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og hefur starfsemin litast af aðgerðum til að takmarka afleiðingar faraldursins og tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Áhrif faraldursins hafa verið jákvæð á dagvöruhluta samstæðunnar þar sem velta og afkoma hafa heldur aukist. Áhrif á rekstur í eldsneytishluta samstæðunnar hafa hins vegar verið frekar neikvæð, þá sér í lagi á fyrsta ársfjórðungi síðasta rekstrarárs, en velta og afkoma er nú farin að nálgast það sem vænta má í eðlilegra árferði.

Í ljósi aðstæðna þá gekk rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2021/22 vel. Samanburður við fyrsta ársfjórðung síðasta rekstrarárs var hagstæður þar sem sá ársfjórðungur varð fyrir höggi þegar gengisfall íslensku krónunnar og lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu höfðu mikil áhrif á afkomu Olís og Haga. Rekstrarniðurstaða annars ársfjórðungs var umfram áætlanir og nokkuð betri en á síðasta ári sem m.a. má rekja til sölu eigna tengt rekstri Útilífs. Rekstur á þriðja ársfjórðungi gekk vel með heildarveltu og afkomu töluvert umfram áætlanir og síðasta ár. Gera má ráð fyrir að áhrifa COVID-19 faraldursins gæti á rekstur samstæðunnar fram á næsta rekstrarár. Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma samstæðunnar verði 10.000-10.500 millj. kr.

Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við sérstakar aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj.

**17. Breytingar á samstæðunni**

Í mars og apríl 2021 var skrifað undir samninga um sölu á 90% eignarhlut félagsins í Reykjavíkur Apóteki ehf., sem og sölu á eignum tengdum rekstri Reykjavíkur Apóteks í Skeifunni 11. Afhending á eignum tengdum rekstri í Skeifunni 11 fór fram þann 21. maí sl. og afhending á eignarhlut Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. fór fram þann 18. júní sl. en viðmiðunardagur uppgjörs viðskiptanna var 31. maí 2021. Afkomuáhrif vegna sölunnar komu fram í rekstrarreikningi fyrsta ársfjórðungs, samtals að fjárhæð 76 millj. kr.

Þann 31. mars 2021 var skrifað undir samning um sölu á rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf. Afhending fór fram þann 31. ágúst sl. og komu afkomuáhrif vegna sölunnar fram á öðrum ársfjórðungi, samtals að fjárhæð 273 millj. kr.

Í maí 2021 náðu Hagar hf. og eigendur Djús ehf. samkomulagi um kaup Haga hf. á 49% hlut í Djús ehf., sem á og rekur veitingastaði undir merkjum Lemon. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins en fyrirvaranum var aflétt þann 2. júlí sl. Áhrif kaupanna koma því fram, í formi hlutdeildartekna, frá og með 2. júlí 2021.

**18. Samningar Haga og Olís við Reykjavíkurborg**

Þann 25. júní 2021 skrifuðu Hagar og Olís undir samkomulag við Reykjavíkurborg vegna fækkunar eldsneytisstöðva innan borgarmarkanna, sem og framtíðaruppbyggingar Haga á lóðum í Mjóddinni. Nánar tiltekið er um að ræða rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Olís og ÓB og samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum að Álfabakka 7, Álfheimum 49, Egilsgötu 5 og Stekkjarbakka 4-6. Samningarnir hafa í för með sér fækkun á eldsneytisdælum og þjónustustöðvum hjá Olís og ÓB á næstu fimm árum en samkomulagið inniheldur einnig ýmis atriði varðandi framtíðar uppbyggingu Haga, m.a. nýir lóðaleigusamningar og leyfi fyrir matvöruverslun í Stekkjarbakka.

**19. Hagar undirrita samning um kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf.**

Þann 3. desember sl. undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september sl. undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa ehf.

Hagar munu greiða fyrir eignarhlut sinn í Klasa með þróunareignum sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi félagsins en eignirnar eru Stekkjarbakki 4-6, Álfabakki 7, Klettagarðar 27, Álfheimar 49, Egilsgata 5, Tjarnarvellir 5 og Nýbýlavegur 1. Framlag Haga í viðskiptunum er metið á rúmlega 3,9 ma. kr. og verður eignarhlutur Haga í Klasa 1/3 af útgefnu hlutafé, líkt og eignarhlutur Regins og KLS eignarhaldsfélags. Verðmæti eigna Klasa eftir viðskiptin verður um 14,8 ma.kr. og eiginfjárhlutfall félagsins í upphafi 79%. Fyrirhuguð viðskipti eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins en áreiðanleikakönnunum er nú lokið.

Áhrif af áætluðum innleystum söluhagnaði eigna Haga, að frádregnum áætluðum sölukostnaði, á EBITDA afkomu eru um 940 millj. kr. og áætluð jákvæð áhrif á hagnað félagsins eftir skatta eru um 750 millj. kr. Óvissa er um hvort fjárhagsleg áhrif komi fram á núlíðandi rekstrarári 2021/22 en endanleg tímasetning viðskiptanna er háð fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Í efnahagsreikningi 30. nóvember 2021 eru eignirnar endurflokkaðar sem eignir til sölu og færðar á kostnaðarverði meðal veltufjármuna.

**20. Úthlutun kauprétta**

Í samræmi við samþykkt aðalfundar þann 3. júní 2021 var þann 6. júlí sl. gengið frá samningum um kauprétti sem ná til tiltekinna lykilstarfsmanna félagsins. Alls voru veittir 11.806.246 hlutir eða um 1,0% hlutafjár í félaginu, þar af 6.800.398 til framkvæmdastjórnar.

Nýtingarverð kaupréttanna er 60,4 kr. á hlut, þ.e. dagslokagengi hluta í Högum eins og það var skráð á Nasdaq Iceland degi fyrir úthlutun á aðalfundi þann 3. júní 2021. Nýtingarverð skal leiðrétt, til lækkunar, fyrir framtíðar arðgreiðslum og leiðrétt, til hækkunar, með 3% árlegum vöxtum ofan á áhættulausa vexti frá úthlutunardegi og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Ávinnsludagur er þremur árum frá úthlutun og hefst þá nýtingartímabil. Unnt verður að nýta 1/3 af kaupréttum á 1. tímabili, 1/3 á 2. tímabili og svo 1/3 á 3. tímabili en hvert tímabil spannar eitt ár.

**21. Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

***Viðskipti við tengda aðila***

| Viðskipti við tengda aðila greinast þannig: | **2021** | **2020** |
|---|---:|---:|
| | **1.3.-30.11.** | **1.3.-30.11.** |
| Seldar vörur og þjónusta ........................................ | 169 | 81 |
| Keyptar vörur og þjónusta ........................................ | 1.200 | 1.182 |
| Viðskiptakröfur í lok tímabils ........................................ | 2 | 1 |
| Viðskiptaskuldir í lok tímabils ........................................ | 94 | 136 |

**22. Starfsþáttayfirlit**

| **Fyrstu 9 mánuðir 2021/22** | **Verslanir og vöruhús 1.3.-30.11.** | **Olís 1.3.-30.11.** | **Jöfnunar- færslur 1.3.-30.11.** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 70.474 | 31.450 | ( 1.454) | 100.470 |
| Aðrar rekstrartekjur | 828 | 44 | ( 169) | 703 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 71.302 | 31.494 | ( 1.623) | 101.173 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (64.915) | (29.805) | 1.623 | (93.097) |
| **EBITDA starfsþátta** | 6.387 | 1.689 | 0 | 8.076 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 2.306) | ( 701) | | (3.007) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 10 | 134 | | 144 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 4.091 | 1.122 | 0 | 5.213 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 936) | ( 168) | | (1.104) |
| Tekjuskattur | | | | ( 832) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 3.277 |
| **30. nóvember 2021** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 46.223 | 19.553 | 0 | 65.776 |
| **Eignir samtals** | | | | 65.776 |
| Skuldir starfsþátta | 29.213 | 10.061 | 0 | 39.274 |
| **Skuldir samtals** | | | | 39.274 |
| Fjárfestingar starfsþátta | 1.096 | 311 | 0 | 1.407 |

| **Fyrstu 9 mánuðir 2020/21** | **Verslanir og vöruhús 1.3.-30.11.** | **Olís 1.3.-30.11.** | **Jöfnunar- færslur* 1.3.-30.11.** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 66.895 | 23.598 | ( 1.541) | 88.952 |
| Aðrar rekstrartekjur | 354 | 101 | ( 176) | 279 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 67.249 | 23.699 | ( 1.717) | 89.231 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (61.843) | (22.842) | 1.717 | (82.968) |
| **EBITDA starfsþátta** | 5.406 | 857 | 0 | 6.263 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 2.329) | ( 801) | 0 | (3.130) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 150 | 0 | 150 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 3.077 | 206 | 0 | 3.283 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 992) | ( 239) | 0 | (1.231) |
| Tekjuskattur | | | | ( 379) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 1.673 |
| **30. nóvember 2020** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 45.600 | 18.143 | 0 | 63.743 |
| **Eignir samtals** | | | | 63.743 |
| Skuldir starfsþátta | 28.962 | 9.440 | 0 | 38.402 |
| **Skuldir samtals** | | | | 38.402 |
| Fjárfestingar starfsþátta | 2.660 | 392 | 0 | 3.052 |

*Samanburðarfjárhæð jöfnunarfærslna hefur verið leiðrétt frá fyrra ári